

Fjölæringar

Fjölæringar prýða garða landsmanna með hreint ótrúlega fjölbreyttu blóm- og laufskróði sínu. Notkunarmöguleikar fjölæringa eru margir, þeir fara vel með ýmsum öðrum gróðri og eru nánast ómissandi í garðaflórana. Fjölærar plöntur er fremur auðvelt að rækta og fjölga auk þess sem umhirða þeirra getur ekki talist tímafrek ef miðað er við ræktun marga annarra plantna. Tíðarfar ræður miklu um hvenær hinir ýmsu fjölæringar blómgast. Þekkt er að munað getur jafnvel nokkrum vikum frá ári til árs á blómgunartíma þeirra. Með réttri samsetningu plantna sem blómgast á mismunandi tíma og mislengi má ná fram blómriku fjölæringabeði þar sem eitthvað er að gerast á hverjum tíma.

Fjölæringar eru margvíslegir að gerð

Fjölæringar eru jurtkenndar plöntur sem lifa mörg ár og blómgast árlega. Að öllu jöfnu ná margar tegundir þeirra einnig að þroska fræ árlega. Meginhluti allra fjölæringa vex upp að vori og visnar niður að hausti. Undantekningar eru þó á þessu því nokkrar tegundir eru veturgrænar og virðast aldrei visna alveg niður. Nokkrar tegundir verða nánast trúnaðar þegar líður á vaxtartímabilið og standa þeir blómstíklar þá lengi fram á veturinn. Fjölærar plöntur eru fjölbreytilegar að stærð og lögun, allt frá örsmáum upp í mjög stórgerðar og fyrirferðarmiklar plöntur.

Fjölgun með skiptingu eða sáningu

Fjölærum plöntum er einkum fjölgað með skiptingu en einnig með sáningu. Flestum jurtum er auðveldast að skipta á vorin. Sumum tegundum má skipta á haustin sérstaklega þeim sem blómgast snemma. Skipting er einnig nauðsynleg með nokkurra ára millibili þar sem fjölæringarnir vaxa út frá miðjum hnausnum þar sem myndast óhrjáleg eyða. Nota má beittan hníf eða stunguskóflu til að skipta hnausum.

Þegar búið er að skipta fjölærum jurtum eru þær gróðursettar jafndjúpt og þær voru áður. Margar tegundir þola illa að vera settar dýpra en þær stóðu áður.

Skiptingu fjölæringa má best lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Grafið plöntuhnausinn upp með stunguskóflu
2. Skerið plöntuna í nokkra hluta þannig að rót og brum fylgi örugglega með
3. Gróðursetjið einn hlutann aftur á sama stað en aðra hluta má t.d. setja í potta til frekari ræktunar
4. Vökvið í holuna
5. Þrýstið mold vel að en gætið þess að plantan fari ekki miklu dýpra en hún stóð áður

Sáning fjölæringa er ágætur kostur og fræúrval er alltaf að aukast. Um sáningu þeirra gildir það sama og um sáningu sumarblóma, sem lýst er í kaflanum um sumarblóm. Þó er ekki nauðsynlegt að sá þeim eins snemma þar sem ekki er von á að fjölæringarnir blómstri fyrsta sumarið heldur í fyrsta lagi á öðru sumri frá sáningu. Hægt er að sá þegar sumarið er gengið í garð.

Niðurröðun í beð

Smekkur hvers og eins ræður miklu um val og röðun fjölæringa í beð og inn á milli annars gróðurs. Gæta þarf þess að blanda ekki alltof mörgum litum saman heldur reyna að velja fallega litatóna saman. Áður en fræ er valið eða plöntur keyptar er gott ráð að skoða myndir af þeim t.d.

á vefnum og gera sér grein fyrir blómlit og hæð. Hæð plantna í beðum á að fara lækkandi eftir sem utar dregur í beðunum. Með hæð plantna er átt við hæð fjölæringanna sjálfra en ekki bara blómstilka, sem geta orðið all háir þótt plantan sé lágvaxin.

Langflestar tegundir henta í beð eða ker sem eru í skjóli og birtu. Margar tegundir henta sem undirgróður s.s. fyrir tré og runna þar sem birta er af skornum skammti þótt blómgun geti ef til vill orðið rýr.

Hvenær er rétti tíminn til útplöntunar?

Best hefur reynst að flytja fjölærar plöntur, sem blómgast snemma, eftir blómgun að sumri. Þær sem blómgast um mitt sumar eða seinna er gott að flytja seint að hausti eða snemma að vori. Pottaplöntur má gróðursetja nánast hvenær sem er þegar frost er ekki í jörðu.

Beðin undirbúin

Ef gera á ný beð fyrir fjölæringa er æskilegt að losa um jarðveginn og gera jarðvegsbætur ef þörf er á. Leggja má út nokkurra sentimetra lag af húsdýraáburði eða moltu yfir beðin áður en jarðvegstætt er og leggja síðan út 5-7 cm lag af moltu ofan á að tætingu lokinni. Við útplöntun blandast molta með moldinni. Það hefur ávallt reynst vel að byggja fjölæringabeð upp þannig að þau standi vel upp fyrir yfirborðið sem í kringum þau er og hallist helst örlítið ef hægt er. Varmi helst meiri í beðunum séu þau formuð þannig og það hentar sumarblómunum vel.

Staðsetning fjölæringa og útplöntun

Fjölæringar henta við fjölbreytilegar aðstæður og um að gera að láta hugmyndaflugið ráða ferð. Margar tegundir henta vel sem undirgróður eða inn á milli trjáa, runna og með sumarblómum. Klípt limgerði myndar fallegan bakgrunn fyrir fjölæringa sem og húsveggir. Fjölæringabeð eru algeng undir suðurveggjum húsa enda hentar þannig staðsetning oft vel. Við slíkar aðstæður þarf vaxtarrými þó að vera nokkuð mikið en beðin eru oft höfð alltof lítil. Það kemur niður á vexti og viðgangi fjölæringanna.

Plöntur sem standa í skjóli og sól blómgast mun fyrr en þær sem búa við aðrar aðstæður. Því getur verið gaman að hafa sömu tegundir við mismunandi aðstæður í garðinum.

Stórvaxnar og harðgerðar fjölærar plöntur geta margar hverjar þrífist vel stakstæðar og án stuðnings.

Útplöntun fjölæringa er ekki frábrugðin annarri útplöntun. Áður en hafist er handa þarf að vökva plönturnar vel og eins fyrirhugað beð, þannig að nægur raki sé fyrir hendi. Þannig ætti ekki að þurfa vökvun strax eftir útplöntun. Holan þarf að vera nægjanlega víð og djúp fyrir hnausinn, þannig að ekki þurfi að beygja rætur. Fylla á að og þrýsta vel að plöntunni þannig að hún sitji rétt og gæta þess að plantan fari ekki miklu dýpra en hún stóð áður. Mikilvægt er að plönturnar komist fljótt í beðið og án þess að sól skíni á rætur.

Fjölærar plöntur eru mis plássfrekar og þarf að hafa það í huga þegar millibil á milli plantna við útplöntun er ákveðið.

Umhirða á vaxtartíma

Ef jarðvegur er nokkurn veginn laus við illgresi, beðin eru vel gerð og þétt plantað í þau ætti umhirðan ekki að vera mikil. Reyta þarf með höndum allt sjáanlegt illgresi. Yfirlag úr fínum sandi t.d. pússningasandi hentar mjög vel í fjölæringabeð en með því er illgresi haldið í skefjum og mun minni sveiflur verða í hita- og rakastigi jarðvegsins. Jafna þarf yfirborðið vel og leggja

sandinn út í 2-3 cm lagi. Moldarbeð án yfirlagsefna eða þekju eru sígild fyrir fjölæringa en krefjast meiri vinnu við illgresisreyingu. Í venjulegu árferði þarf að passa vel upp á vökvun en yfirleitt þola fjölæringarnir þurrkinn vel.

Vetrarskýling jarðvegs

Að hausti er ráðlegt að leggja yfir beðin síðustu slægjuna af grasblettinum í nokkuð þykku lagi t.d. 10-15 cm og einnig greinar ef einhverjar eru. Þannig má hindra að jarðvegsbygging fari úr skorðum og að næringarefni skolist í burtu.

Algengar tegundir

Fjöldi hentugra tegunda fjölæringa í garða er mjög mikill. Nýjar tegundir eru reyndar hérlendis á hverju ári og gaman að reyna fyrir sér með ræktun þeirra eða kaupa forræktaðar plöntur og sjá hvernig þær koma út. Garðplöntustöðvar og grasagarðar gefa út ítarlega lista yfir fjölærar plöntur. Hér eru sett fram örlítill dæmi um tegundaval.

Tegundir í beð

Sem dæmi mætti ímynda sér beð með limgerði eða húsvegg í bakgrunni og planta sígildum fjölærum tegundum í beðið.

- Ysta röð/raðir: Apablóm, lágdepla, glitlauf, bláklukka
- Miðju röð/raðir: Jarðarberjamura, gullhrís, gullhnappur, dverghjarta
- Innsta röð/raðir: Venusvagn, freyjugras, útlagi, jakobsstigi

Steinhæð

- Dvergavör, fjallasóley, rósasmæra, stjörnublaðka, kínavöndur

Undirgróður

- Hjartasteinsbroti, regnfang, mjaðurt, engjarós

Fjölæringaþekjur

- Sjá umfjöllun um þekjugróður og þekjandi efni

Stakstæðir fjölæringar

- Tröllaskjöldur, skrautsúra, ólympíukyndill